

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Íþróttastarf í Breiðholti

Hjálagt fylgja tillögur ÍTR, ÍBR, Leiknis og ÍR um fyrirkomulag á íþróttastarfi og rekstri íþróttamannvirkja í Breiðholti frá og með haustinu 2022.

Er þetta unnið í framhaldi af bréfi framkvæmdastjóra ÍBR og sviðsstjóra ÍTR dags. 7. febrúar 2022 sem lagt var fram á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 14. febrúar 2022 og fundi stjórnar ÍBR dags. 9. febrúar.



Frimann Ari Ferdinandsson
framkvæmdastjóri ÍBR



Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Íþróttastarf í Breiðholti frá hausti 2022.

Haustið 2022 verður tekið í notkun nýtt íþróttahús í Suður-Mjódd. Þar með eykst framboð á aðstöðu til inniæfinga í Breiðholtshverfi verulega. Að mati ÍTR og ÍBR er því rík ástæða til að horfa á heildarnotkun á þeirri aðstöðu sem í boði er og skoða möguleika á meira framboði íþróttar fyrir börn og unglunga í hverfinu. Vinnuhópur skipaður fulltrúum ÍR, Leiknis, ÍTR og ÍBR hóf störf í lok febrúar og þessi skýrsla er afrakstur vinnu hans.

Tillögur 2022

Lagt er til að sett verði af stað samstarfsverkefni þjónustumiðstöðvar Breiðholts/Suðurmíðstöð og félaganna auk annarra mikilvægra aðila um að ná til fleiri iðkenda í 111. Með verkefninu verði m.a. hrundið af stað aðgerðum varðandi eftirfarandi:

Settar fram tillögur um hvernig íþróttastarfi yrði háttað í hverfinu.

Settar verði af stað sérstakar aðgerðir til að fjölga þátttakendum.

Bjóða uppá nýjar greinar s.s. blak, badminton, borðtennis, hjólreiðar og bandý.

Bjóða upp á handbolta, frísbíggolf, knattspyrnu og körfubolta.

Bjóða upp á opna tíma fyrir þá sem vilja taka þátt en kannski ekki binda sig of mikið.

Kannanir sýna að aðstaða nær heimilum barnanna leiðir til meiri þátttöku. Því má telja líklegt að með því að auka framboð á íþróttagreinum í Efra-Breiðholti sé mögulegt að auka þátttöku almennt.

Til að ná virkari árangri í þessum aðgerðum verði farið af stað með tilraunaverkefni varðandi nýtingu Íþróttahússins við Austurberg. Verkefnið fengi nafnið «Hlustum á hverfið». Austurberg verði tilraunahús fyrir íþróttastarf sem hefur þann tilgang að bjóða upp á fjölbreytta möguleika til íþróttaiðkunar og upplifunar fyrir hverfisbúa. Skipuð verður verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að meta umsóknir um aðstöðu. Annaðhvort verða fulltrúar íbúa í stjórninni eða að stjórnin hafi sér til ráðgjafar hóp íbúa en a.m.k. myndu fulltrúar ÍTR, ÍBR og þjónustumiðstöðvar Breiðholts skipa stjórn. Aðilar sækja um tíma að vori og fá að vita um hvaða tíma þeir fá 1. júní fyrir starfsemi sem hefst 1. september. Verkefnisstjórn mun svo gera stundatöflu fyrir þá tíma í húsinu sem eru eftir að skóla lýkur á virkum dögum og um helgar.

Eftirtaldir geta sótt um að nýta íþróttasalinn á þessum tiltekna tíma:

A) ÍR og Leiknir

B) Nýjar íþróttagreinar sem óskað hafa eftir aðstöðu í hverfinu s.s. blak, borðtennis, bandý ofl.

C) Nýjar íþróttagreinar sem höfðað gætu til íbúa af erlendum uppruna s.s. kriket, amerískur fótbolti, hornabolti ofl.

C) Hópar sem iðka íþróttir án áherslu á keppni

D) Aðrir hópar/félög eða einstaklingar sem geta auðgað íþróttaiðkunarmöguleika í Breiðholti

Verkefnisstjórn setji sér vinnureglur varðandi meðferð umsókna þar sem horft er til mikilvægis hvers verkefnis fyrir íbúa hverfisins, hvort verkefnið auki fjölbreytni framboðs íþróttar- og tómstundastarfs í hverfinu, verkefnið skapi jákvætt andrúmsloft fyrir íbúa, sé faglega skipulagt (kennslufræðilega og íþróttufræðilega, sérstaklega gagnvart börnum og ungmennum) auk annarra þátta sem verkefnisstjórn telur mikilvægt að horfa til.

Verkefnisstjórn mun fara í greiningu á þörfinni í hverfinu á næstu vikum til að fá betri yfirsýn yfir hvað það er helst sem íbúar hverfisins hafa áhuga á að verði í boði í húsínu.

Íþróttamiðstöðin við Austurberg verði rekin af ÍTR í tengslum við Breiðholtslaug eins og var áður fyrr.

Niðurstaða starfshóps 2017

Árið 2017 vann starfshópur á vegum borgarinnar að því að greina íþróttastarf í Breiðholti. Í vinnu hópsins kom fram að í Efra-Breiðholti er þátttaka í íþróttum einna minnst í Reykjavík. Könnun sem hópurinn gerði leiddi m.a. í ljós að óskir íbúa væru um aukið framboð á íþróttum og voru badminton, blak, borðtennis, hjólreiðar og tennis nefndar af flestum. Hópurinn lagði til að hrundið yrði af stað tilraunaverkefni til að auka þátttöku barna og unglinga í Breiðholti.

Starfshópurinn lagði fram hugmyndir að leiðum til að bæta stöðuna í hverfinu. Þar var bent á aukna kynningu á starfinu sem er í boði, sérstaklega gagnvart íbúum af erlendum uppruna. Bent var á mikilvægi samstarfs skóla og íþróttafélaga og þess að reynt væri að færa æfingar á skólatíma eins og mögulegt er. Aukið samstarf við stofnanir í hverfinu var einnig talið nauðsynlegt og að sett yrði aukið fjármagn til aðgerða til að efla íþróttastarf í Breiðholti. Starfshópurinn lagði einnig til að unnið yrði að því að gera framboð íþróttar fjölbreyttara í hverfinu.

Þátttaka í starfi ÍR og Leiknis

Fjöldi iðkenda er skráður í félagakerfi ÍSÍ sem og í Frístundakortið. Þær eru nokkuð sambærilegar en tölur frá ÍSÍ eru síðan 2020 en tölur úr Frístundakortinu eru nýjar. Hér var skoðað hve margir iðkendur 17 ára og yngri í hvoru félagi væru, per grein, skipt eftir póstnúmerum 109 og 111.

Iðkendatölur ÍSÍ/Frístundakort:

ÍR er með 211/173 iðkendur 17 ára og yngri í póstnúmeri 111 en Leiknir er með 122/171.

Það eru 22/17 iðkendur í knattspyrnu úr 109 í Leikni. ÍR er með 21/36 iðkanda í knattspyrnu úr 111.

Af 190/210 iðkendum í körfubolta hjá ÍR í póstnúmerum 109 og 111 eru 22/28 úr póstnúmeri 111 eða 11,6/13,3%.

Af 83/89 iðkendum í fimleikum hjá ÍR í póstnúmerum 109 og 111 eru 23/23 úr póstnúmeri 111 eða 27,7/25,8%.

Það eru 8/19 iðkendur í handbolta hjá ÍR úr póstnúmeri 111 en 40/41 iðkendur í karate. Báðar greinar voru með aðstöðu í hverfinu.

Af 1.671 barni sem hafa búsetu í Breiðholti og stunda æfingar hjá ÍR, Leikni og Ægi, sem eru þau félög sem kenna sig við hverfið og hafa þar aðstöðu, eru tæp 40% stúlkur. Í 111 eru um 35% iðkenda stúlkur.

Íbúafjöldi í Breiðholti samkvæmt þjóðskrá vs þátttaka samkvæmt Frístundakorti:

Póstnúmer 109 12.740 – 17 ára og yngri 2.870 – 1.074 börn taka þátt í íþróttastarfi félaga í Breiðholti eða 37,4%.

Póstnúmer 111 9.380 – 17 ára og yngri 1,701 – 368 börn taka þátt í íþróttastarfi félaga í Breiðholti eða 22,0%.

Aðstaða innanhúss í Breiðholti frá hausti 2022

Í Breiðholti er líklega mesta framboð í borginni á innanhúsaðstöðu fyrir íþróttir. Þar eru þrjú stór parkéthús og tvö skólaíþróttahús sem eru 18x33m að gólfleti. Í hverfinu er einnig fjölnota íþróttahús fyrir knattspyrnu og frjálsíþróttir. Þá er aðstaða fyrir bardagaíþróttir í ÍR-heimili og fyrir karate í kjallara sundlaugarinnar í Austurbergi.

Hér á eftir fer yfirlit yfir þessi mannvirki og hvernig nýting þeirra gæti verið veturinn 2022-2023:

Austurberg - íþróttahús

- Badminton
- Blak
- Handbolti
- Frisbígolf
- Knattspyrna/futsal
- Körfubolti
- Karate í kjallara Breiðholtslaugar
- Ýmsar aðrar íþróttagreinar

Breytingar eru fyrir séðar varðandi nýtingu á mannvirkinu. Hugmyndin er að "hlusta á hverfið" og auglýsa eftir tillögum að nýtingu sem fellur að óskum íbúa hverfisins. Leiknir hefur óskað eftir fleiri tímum fyrir nýjar greinar svo sem blak, badminton hjólreiðar og körfubolta. Hafið er samstarf Leiknis og Hjólakrafts varðandi hjólreiðar sem og samstarf Leiknis, Aþenu og UMFK varðandi körfubolta .

Til að auka enn frekar framboð íþróttanna í efra Breiðholti hefði verið tilvalið að gera ráð fyrir fimleikum á vegum ÍR í húsin en þar vantar hinsvegar geymsluaðstöðu fyrir nauðsynlegan búnað. Aðstaða í kjallara mætti vera betri en þar hefur karate á vegum ÍR haft aðstöðu. Ósk ÍR er að færa það á betri stað sem og að geta boðið upp á æfingar í júdó og taikvondó í Efra-Breiðholti. Geymslupláss fyrir dýnur er takmarkandi þáttur hvað það varðar þannig að sennilega er ekki hægt að verða við því.

Frisbíggólfélag Reykjavíkur (FGR) hefur í langan tíma verið að óska eftir meiri inniaðstöðu vegna stækkandi iðkenda fjölda hjá þeim.

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti og Hólabrekkuskóli nota húsið frá kl. 8-15.

Sundfélagið Ægir er með æfingar í Breiðholtsslaug.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fim kl. 15-22.

Fös kl. 15-21.

Lau og sun. kl. 9-18.

Fellaskóli:

- Badminton
- Blak
- Körfubolti
- Frisbíggólf
- Knattspyrna/futsal

Fellaskóli verður áfram nýttur undir æfingar hjá Leikni að einhverju leyti í knattspyrnu/futsal, blaki og badminton. FGR væri áfram með einn dag fyrir æfingar í Fellaskóla. Áfram yrðu tímar fyrir almenning á kvöldin. Fellaskóli notar íþróttasalinn frá kl. 8-15 fyrir íþróttakennslu og

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fim. kl. 15/16-22.

Fös kl. 16-21.

Lau kl 9-15.

Breiðholtsskóli

- Fimleikar

Breiðholtsskóli verður áfram nýttur undir æfingar hjá ÍR að einhverju leyti í fimleikum og fleiri greinum. Áfram yrðu tímar fyrir almenning á kvöldin. Breiðholtsskóli notar íþróttasalinn kl. 8-15 fyrir íþróttakennslu.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fim. kl. 16-22.

Lau kl. 9-16.

Seljaskóli:

- Handbolti
- Körfubolti

Seljaskóli verður áfram fyrir körfubolta og handbolta hjá ÍR. Seljaskóli notar íþróttahúsið fyrir íþróttakennslu kl. 8-15.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fim kl. 14:30-22.

Fös kl. 14:30-21:30.

Lau og sun. kl. 10-18.

ÍR nýja parkethús:

- Handbolti
- Körfubolti

ÍR parkethús verður nýtt undir handbolta og körfubolta hjá ÍR. Íþróttakennsla verður í húsinu á dagtíma.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fim kl. 14:30-23.

Fös kl. 14:30-21:30

Lau og sun. kl. 9:00-18:00

ÍR heimili:

- Júddó
- Taekvondó
- Karate
- Skíði
- ÍR ungar

Skipulag óbreytt í þessu mannvirki/aðstöðu.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fös kl. 15:30-20:30

ÍR fjölnotahús:

Knattspyrna

Frjálsíþróttir

Þrekæfingar

Skipulag helst óbreytt í knatthúsinu. Einhver skólakennsla fer fram í húsinu á dagtíma.

Notkun fyrir íþróttastarf:

Mán til fös kl. 14:30-21:30

Lau og sun. kl. 8:00-18:00

Lokaorð

Fljótlega þarf að ákveða stundatöflur fyrir mannvirkin en eðli máls samkvæmt þarf að gefa aðeins meiri tíma til að tafla fyrir Austurberg verði klár. Félögin og ÍBR raða niður tímum í mannvirkin utan Austurbergs þar sem verkefnisstjórn raðar tímum. Taka þarf tillit til þess varðandi Austurberg að mögulegt keppnishald þarf staðfestingar fyrr.

Varðandi nýtingu íþróttahúsa alment þarf að gera ráð fyrir sumarnámskeiðum og æfingum yfir sumarmánuðina.

Fara þarf yfir búnaðarmál eins og t.d. vegna körfubolta í Austurbergi og skoða endurnýjun á dýnum fyrir bardagaíþróttir. Eins þarf að huga að viðhaldsmálum t.d. í Austurbergi.

Rekstur íþróttahúsa og vallla verði með sama hætti og verið hefur nema að Íþróttahúsið í Austurbergi verður rekið af ÍTR. Mál verði tekin til endurskoðunar eftir tímabilið 22-23 og reynslan metin.

Reykjavík 14. júní 2022

Fylgiskjöl

Stundatöflur – drög - haust 2022

Niðurstöður vinnuhóps 2017